

## Fundargerð

### Kynningarfundur stjórnar Fiskeldissjóðs með Múlapingi

114. fundur

Dagsetning: 22. október 2025. Tími: kl. 13:00–13:55. Staður: Teams

Mætt: Frá stjórn Fiskeldissjóðs: Gunnar Karl Guðmundsson, formaður, Kjartan Dige Baldursson, auk Jóns Baldurs Lorange, starfsmanns sjóðsins sem ritaði fundargerð. Frá Múlapingi mættu Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri, Hugrún Hjálmarsdóttir, framkvæmda- og umhverfismálastjóri, Eiður Ragnarsson, fulltrúi sveitastjóra á Djúpavogi og Sóley Valdimarsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

#### Fundarsetning og kynning

Gunnar K. Guðmundsson, formaður Fiskeldissjóðs, setti fundinn. Kjartan Dige Baldursson fór síðan í gegnum kynningu frá stjórn sjóðsins um fjárveitingar úr sjóðnum, helstu áherslur, valmódel við úthlutun styrkja o.fl. Þá var óskað eftir sjónarmiðum sveitarfélagsins um hugsanlegar breytingar á úthlutunarreglum.

#### Umræður

Ábendingar komu fram frá starfsfólki sveitarfélagsins um úthlutanir, valmódel, einstakar styrkveitingar o.fl. sem stjórn sjóðsins mun taka til umræðu. Stjórn sjóðsins svaraði þeim spurningum sem komu fram á fundinum eftir bestu getu.

Fundi slitið um 13:55.

Jón Baldur ritaði fundargerð.